# Námsáætlun fyrir bókasafn - 4. bekkur

**Tímafjöldi:** 1 kennslustund á viku, hálfur bekkur í einu.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Vinnulag og vinnubrögð** | **Við lok 4. bekkjar getur nemandi:**<br><br>• Nýtt sér bókasafnið til gagns og ánægju eins og til lesturs, hlustunar eða leitarnáms. | • Nemendur læra um flokkun fræðirita og skáldrita. Munnleg og skrifleg verkefni.<br>• Sögustundir<br>• Höfundakynningar og bókakynningar.<br>• Sögugerð. Nemendur búa til skáldsögur og lesa svo fyrir hópinn.<br>• Lesum saman leikrit þar sem hver og einn fær hlutverk. | Mat tekur tillit til virkni og vinnusemi í tímum. |
| Upplýsingaöflun og úrvinnsla | • Leitað að upplýsingum og nýtt við verkefnavinnu.<br>• Sýnt frumkvæði og tekið þátt í hópverkefnum undir leiðsögn.<br>• Unnið með heimildir. | • Nemendur leita að upplýsingum í bókum og gera skrifleg verkefni<br>• Orðabókavinna þar sem nemendur leita að upplýsingum í orðabókum.<br>• Þemavinna en þar vinna nemendur í hópum að ákveðnu þemaverkefni. Finna heimildir í bókum og nýta þær upplýsingar í verkefnið. | |

**Námsgögn:**
Vinnubókin Meira sýslað á bókasöfnum, bókasafnarinn og ljósrituð verkefni og bækur (skáldrit og fræðirit).

**Lokanámsmat:**
Einkunn gefin í hæfnitáknum: Framúrskarandi, hæfni náð, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.